

Nd.

153. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur (þskj. 151).

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 5. gr.

a. Á eftir 1. málslíð („undir prófast“) kemur: Hann gerir tillögu um stærð nýrrar kirkju og sendir biskupi, en ráðherra úrskurðar eftir tillögu biskups lágmark sætafjölda, svo að samilega megi telja séð fyrir þörf safnaðar.

b. Í stað „hann þá“ i upphafi 2. málslíðar kemur: prófastur.

2. Við 7. gr. Á eftir greininni kemur ný grein, er svo hljóðar:

Óheimilt er að nota kirkju til geymslu, nema með leyfi prófasts, og varðar brot gegn þessu sektum frá 10—100 krónum, sem kirkjunefnd fær til ráðstöfunar samkvæmt 21. grein.

Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu, svo og tilvitnun í niðurlagi 2. brtt.